

Þingsályktun

um samning milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning milli Grænlands, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen. Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Grænlands/Danmerkur, Íslands og Noregs um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

1. gr.

Aðilar skulu eiga samvinnu um verndun og nýtingu loðnustofnsins á hafsvæðinu milli Grænlands, Íslands og Jan Mayen.

2. gr.

Aðilar skulu leitast við að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla á loðnu fyrir hverja vertíð. Náist ekki samkomulag mun Ísland, sem sá aðili sem mestra hagsmuna hefur að gæta varðandi loðnustofninn, ákveða leyfilegan hámarksafla. Noregur og Grænland skulu þó ekki bundin af þeirri ákvörðun sé hún bersýnilega ósanngjörn. Leitast skal við að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. desember endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

3. gr.

Leyfilegur hámarksafli skiptist milli aðila þannig:

Grænland	11 af hundraði.
Ísland	78 af hundraði.
Noregur	11 af hundraði.

4. gr.

Ef aðili ákveður að framselja sína aflahlutdeild að fullu eða hluta skal hann tilkynna það hinum aðilunum.

5. gr.

1. Ef Noregur eða Grænland veiða ekki sína hlutdeild á tiltekinni vertíð skal Ísland leitast við að veiða það magn sem á vantar. Í slíkum tilvikum skal hlutaðeigandi aðili fá bætur

- á næstu vertíð sem nema sama magni, enda hafi ástæður, sem hlutaðeigandi aðili réð ekki við, legið til þess að hann veiddi ekki sína hlutdeild á vertíðinni.
2. Ef bætur samkvæmt 1. tölul. leiða til þess á einhverri vertíð að skiptingin er bersýnilega ósanngjörn skulu aðilar reyna að ná samkomulagi um það hvernig bótum skuli háttáð.

6. gr.

1. Grænenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt á hverri vertíð að veiða loðnu í íslenskri efnahagslögsögu norðan 64 30' N til 15. febrúar. Ísland mun einnig leyfa þessum veiðiskipum að landa afla sínum í íslenskum höfnum og taka um borð vistir í íslenskum höfnum. Að fengnum tilmælum grænlestra stjórnvalda getur Ísland veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænenskt fiskveiðileyfi, sömu réttindi, enda sé gerður um það samningur við Ísland sem gildi fyrir eina vertíð í senn.
2. „Grænenskt fiskiskip“ merkir í 1. tölul. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlestra fiskveiðilaga um eignaraðild.

7. gr.

Íslenskum og norskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í grænenskri fiskveiðilögsögu norðan 64 30'.

8. gr.

Fiskiskipum með grænenskt fiskveiðileyfi og íslenskum fiskiskipum skal heimilt að veiða loðnu í fiskveiðilögsögunni við Jan Mayen og einnig til að landa afla sínum í norskum höfnum.

9. gr.

Með vísan til veiðiheimilda í lögsögu skv. 6., 7. og 8. gr. getur hver aðili fyrir sig sett takmarkanir í sinni lögsögu með tilliti til stærðar fiskiskipa, fjölda þeirra og gerðar.

10. gr.

Aðilar skulu skiptast reglulega á tölfræðilegum upplýsingum um loðnuveiðarnar.

11. gr.

Aðilar skulu vinna saman að vísindalegum rannsóknum á loðnustofninum.

12. gr.

Aðilar skulu halda fund a.m.k. einu sinni á ári, til skiptis í löndunum þremur, til að ræða framkvæmd samningsins. Aðilar skulu hafa samráð um verndunaraðgerðir, þar á meðal um tillögur um lokanir svæða til verndunar smáloðnu.

13. gr.

Samningurinn skal gilda fyrir vertíðirnar frá og með 1. júlí 1989 til og með 30. apríl 1992.

Samþykkt á Alþingi 11. maí 1989.